Starfslýsing sjúkraliða

Starfsheiti	Sjúkraliði E
Næsti yfirmaður	Hjúkrunardeildarstjóri
Menntun og fagleg þekking	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð	Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um sjúkraliða nr. 58/1984. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.
Starfssvið	Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar. Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. **Skipuleggur og forgangsraðar sérverkefnum í samráði við deildarstjóra.** Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu. **Er umsjónaraðili með umönnun tiltekinna sjúklinga. Stýrir verkefnum annarra sjúkraliða og starfsmanna.** Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlynningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna. Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina, leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. **Er falið af stjórnendum að taka þátt í nefndarstörfum er varða skjólstæðinga og hagsmuni stofnunar.** Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Reykjavík, ____/____ 200

_____ _____

f.h. Landspítala - háskólasjúkrahúss sjúkraliði